

Fjármálaeftirlitið				
B.lyk	Ábm.	31 A	Fsk.fl.	
Mótt.d. 29 DES. 2008	Afrit	GOD	Tilv.	
Sv.fr.	Tr.m.	HMP	Málsnr.	2008/20046
Aths.:				

Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands gera með sér svohljóðandi:

Samning um yfirlestur og staðfestingu lýsinga

með vísan til 2. mgr. 52. gr., sbr. 138. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007

1. gr.

Verkefni falin Kauphöll Íslands

Fjármálaeftirlitið felur Kauphöll Íslands (hér eftir nefnd Kauphöllin) að annast yfirlestur og staðfestingu lýsinga vegna verðbréfa sem taka á til viðskipta í Kauphöllinni sem og annarra lýsinga gefnar út af skráðum félögum í Kauphöll, hvort sem þau skulu tekin til viðskipta í Kauphöllinni eða ekki.

2. gr.

Form og efnisinnihald lýsingar

Við staðfestingu lýsingar skal Kauphöll tryggja að form og efnisinnihald lýsingar sé í samræmi við ákvæði laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og reglna settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Hæfi til yfirlesturs og staðfestingu lýsinga

Kauphöllin skal hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur færni, þekkingu og sérfraðikunnáttu sem nauðsynleg er til að sinna yfirlestri og staðfestingu lýsinga með fullnægjandi hætti og innan þeirra tímamarka sem tilgreindir eru í reglum sem settar eru á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti.

Skipulagning og starfsemi Kauphalla skal miða að því að draga úr hættu á hugsanlegum hagsmunárekstrum. Þá skal tryggt að upplýsingar sem fengnar eru vegna yfirlestrar og staðfestingar lýsinga séu ekki notaðar á ósanngjarnan hátt eða til að hamla samkeppni.

4. gr.

Túlkun lagaákvæða og beiting undanþáguheimilda

Kauphöllin skal óska eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins þegar upp koma tilvik þar sem þörf er á túlkun við framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum. Áður en Fjármálaeftirlitið tekur afstöðu veitir Kauphöllin umsögn sína um álitaefnið. Kauphöllin skal fylgja túlkun Fjármálaeftirlitsins og venjubundinni framkvæmd á hverjum tíma.

Kauphöllin skal greina Fjármálaeftirlitinu frá því þegar óskir um veitingu undanþága frá gerð lýsinga eða birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingum koma fram og tekur Fjármálaeftirlitið afstöðu til þeirra.

Fjármálaeftirlitið tekur að jafnaði afstöðu til fyrirspurna frá Kauphöllinni um túlkun lagaákvæða og veitingu undanþága, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. þannig að niðurstaða liggi fyrir eigi síðar en í lok næsta vinnudags eftir að fyrirspurn berst.

5. gr.

Heimildir Kauphallarinnar til upplýsingaöflunar og gjaldtöku

Kauphöllinni er heimilt, vegna yfirlestrar lýsingar í samræmi við samning þennan, að beita 1. – 3. tl. 2. mgr. 134. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Þóknun Kauphallar fyrir staðfestingu á lýsingu fer eftir gjaldskrá Kauphallar sem birt er opinberlega, sbr. 3. mgr. 52. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

6. gr.

Framkvæmd samnings og upplýsingagjöf

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar skulu halda fundi um framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum svo oft sem þörf krefur, þó eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Á sex mánaða fresti skal Kauphöllin leggja fram yfirlit um framkvæmd verkefna á grundvelli samningsins.

7. gr.

Gildistaka samnings, gildistími og uppsagnarákvæði


Samningur þessi öðlast gildi þann 1. janúar 2009 og fellur úr gildi eigi síðar en 31. desember 2011. Aðilar samnings þessa geta sagt honum upp skriflega með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti og miðast uppsögn við mánamót.

Komi til meiriháttar eða endurtekinna vanefnda af hálfu aðila á þeim skyldum sem samningur þessi kveður á um er samningurinn riftanlegur, enda hafi í tilviki endurtekinna vanefnda verið veitt svigrúm til lagfæringa og úrbóta.

Á gildistíma samningsins getur Fjármálaeftirlitið kallað til sín tilteknar lýsingar til yfirlestrar og staðfestingar ef ástæða er til, svo sem vegna hugsanlegra hagsmunárekstra.

Reykjavík, 22. desember 2008


f.h. Fjármálaeftirlitsins



Jonas Fr. Jónsson

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri

f.h. Kauphallar Íslands hf.



Þóður Friðjónsson

Þóður Friðjónsson, forstjóri